

Framboðsræða til formennsku á 48. sambandsþingi SUS

Reykjavík 2025 - 5. október - Júlíus Viggó Ólafsson

Kæru vinir, ungir sjálfstæðismenn!

Undanfarin fjögur ár hef ég setið í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna, þar af tvö ár sem formaður Heimdallar, og á þeim tíma hef ég kynnst fjölda öflugra ungra sjálfstæðismanna og lagt mitt af mörkum til að styrkja sambandið og flokkinn. Nú vil ég axla meiri ábyrgð og leiða félagsskap okkar í gegnum þá krefjandi tíma sem framundan eru. Því bið ég um stuðning ykkar til formennsku í SUS.

Staðan í dag er allt önnur en á síðasta sambandsþingi. Sjálfstæðisflokkurinn er í stjórnarandstöðu og sótt er að okkur úr öllum áttum. Framundan eru stórar áskoranir: sveitarstjórnarkosningar og uppgjör um fullveldi þjóðarinnar. Á tímum sem þessum verðum við að bregðast skýrt við. Það er tímabært að sækja til hægri – endurvekja grunngildin okkar og standa með þeim. Ekki bara flagga orðinu „sjálfstæðisstefnan“ án alls innihalds, heldur fylgja henni eftir með beinharðri pólitík. Það verður mitt leiðarljós sem formaður SUS.

Andstæðingar okkar sjá hvað er í vændum. Ungir miðflokksmenn – sem virðast reyndar flestir vera á fertugsaldri – eru skelkaðir, og með réttu. Þeir vita að ný kynslóð ungra sjálfstæðismanna er að ryðja sér til rúms.

Ungt jafnaðarfólk sækir í sig veðrið þessa daganna, en á sambandsþingi sínu á dögunum, á hápunkti háflugs Samfylkingarinnar náðu þau bara að hólka 70 manns inn í kompuna sína á Hallveigarstíg. Lítið í kringum ykkur – þau komast ekki með tærnar þar sem við höfum hælana.

Og svo er það „Uppreisn“ – ungir viðreisnarmenn. Uppreisn þeirra felur í sér að beygja sig fyrir nýju innfluttu bákni, beint frá meginlandi Evrópu. Þeir reyna nú að sperra sig, en raunveruleikinn er þessi: SUS er ekki aðeins stærra en hreyfingin þeirra – þetta sambandsþing er stærra en allt landsþing Viðreisnar. Þegar við sem ungliðahreyfing skákum heilum flokki í ríkisstjórn, þá hljótum við að vera að gera eitthvað rétt.

Við höfum skriðþunga. Andstæðingar okkar finna það. Þeir vita að ungir sjálfstæðismenn eru skipulagðir, ákveðnir og tilbúnir að móta framtíðina.

En af hverju erum við í sókn? Vegna þess að við tölum um málefni sem skipta fólki raunverulega máli. Við erum ekki bara aukaleikarar í Sjálfstæðisflokknum; við erum hugmyndafræðilegt hjarta hans – það höfum við alltaf verið og munum halda áfram að vera – með því að setja stærstu áskoranir samfélagsins á dagskrá.

Húsnæðismarkaðurinn er í krísu. Vanhæfi ríkis og sveitarfélaga hefur skapað lóðaskort, íþyngjandi skatta, gjöld og regluverk sem hindra uppbyggingu. Niðurstaðan er sú að það er sífellt erfiðara að lifa íslenska drauminn – eign handa öllum. Skilaboð okkar eru skýr: Ríkið á að víkja af húsnæðismarkaði, hætta að hindra okkar og leyfa okkur að byggja. Burt með heimatilbúna lóðaskortinn, gjöldin og reglurnar. Gefið okkur frelsi – og við leysum vandann.

Útlendingamálin eru í ólestri. Fordæmalaus fjölgun erlendra ríkisborgara hefur ollið álagi á húsnæðismarkaðinn, velferðarkerfið og samfélagið í heild sinni, með ýmsum vandamálum sem við höfum flest því miður tekið eftir. Við krefjumst þess að Ísland endurheimti stjórn á aðstæðum: Það þarf að herða landamæraeftirlit, loka glufum og stöðva tímabundið aðkomu hælisleitenda þar til við höfum náð aftur stjórn á kerfinu.

Og eitt skal vera á kristaltæru: Ef einhver kemur hingað, sækir um hæli og brýtur af sér, þá skal hann tafarlaust sendur úr landi. Það er eðlileg krafa um lög og reglu. Við fögnum fólki sem

kemur hingað og vill leggja sitt af mörkum, gerast hluti af okkar samfélagi og okkar menningu. En þeir sem misnota góðvild okkar eiga hér ekkert erindi.

Við verðum að standa gegn inngöngu Íslands í Evrópusambandið – sem þjónar bersýnilega ekki hagsmunum Íslands. Af hverju ættum við að keðja okkur við risavaxið skrifræði þar sem atvinnuleysi ungs fólks er margfalt hærra og hagvöxtur hefur staðið í stað í tvo áratugi? Evrópa hefur staðnað á meðan Ísland hefur blómstrað. Við höfum enga löngun til að ganga í þennan klúbb.

Viðreisn fékk til sín – á húsfélagsfundi sínum um daginn – einn helsta talsmann Evrópusambandsins, sem talar meðal annars um það að Evrópusambandið eigi að vera eitt ríki. Ég veit ekki með ykkur, en persónulega finnst mér hörmuleg hugmynd að Ísland, Búlgaría og Grikkland, væru saman eitt ríki.

Forfeður okkar börðust ekki fyrir sjálfstæðinu svo að við gætum framselt það til Brussel – við munum berjast af alefli gegn inngöngunni í ESB svo Ísland haldi áfram yfirráðum yfir eigin örlögum. Þorgerður Katrín sagði að „orrustan um Ísland“ væri hafin og málaði okkur Sjálfstæðismenn upp sem andstæðinga þjóðarinnar. Þar, eins og í svo mörgu öðru, hefur hún rangt fyrir sér. Það eru aðrir en við sem berjast gegn hagsmunum þjóðarinnar – en eitt er þó rétt: orrustan er hafin. Orrustan um fullveldið og sjálfstæðið – orrustan um Ísland. Og við erum tilbúin í slaginn.

Svona mætti lengi áfram telja, en hér er punkturinn. Við ætlum að setja stóru málin á dagskrá og taka slaginn við vinstrið.

Sem formaður mun ég hafa þrjú meginmarkmið á kjörtímabili næstu stjórnar.

1. Við stefnum á sigur í sveitarstjórnarkosningum: Við ætlum að hjálpa Sjálfstæðisflokknum að vinna komandi sveitarstjórnarkosningar. Lyfta ungu fólki til áhrifa, styðja unga

frambjóðendur og knýja fram breytingar í sveitarfélögum svo ungt fólk geti lifað og blómstrað í raunverulegu landi tækifæranna.

2. Við ætlum að vera leiðandi í baráttunni gegn inngöngu í Evrópusambandið: Við munum gegna lykilhlutverki í kosningabaráttunni fyrir komandi þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB. Þetta verður stærsta verkefni næstu stjórnar og líklega okkar stærsta pólitíska orrusta til þessa. SUS mun að sjálfsögðu vera í fremstu víglínu.
3. Við ætlum að leiða stjórnarandstöðuna: Ungir sjálfstæðismenn hafa ávallt verið uppspretta ferskra hugmynda fyrir flokkinn og sú þörf hefur aldrei verið brýnni. Ég vil að öllum verði ljóst að SUS er öflugasti armur Sjálfstæðisflokksins – við ætlum að leiða umræðuna og setja okkar mál á dagskrá. Við munum sanna fyrir þjóðinni að Sjálfstæðisflokkurinn hefur réttu sýnina fyrir Ísland. Markmið okkar er að þegar kosið verður næst til Alþingis munu kjósendur vita að Sjálfstæðisflokkurinn þarf að leiða landið á ný.

Minnumst þeirra sem byggðu upp flokkinn og landið. Fyrir rúmum 70 árum, á 10 ára afmæli lýðveldisins 17. júní 1954, flutti Ólafur Thors ræðu um ábyrgð hvers og eins á velgengni Íslands. Hann sagði:

„Á sérhverjum Íslendingi hvílir sú þunga skylda að afkasta meiru en einstaklingar annarra menningarþjóða... Þessari skyldu verður æskulýðurinn að rísa undir. Að launum fær hver og einn að heita Íslendingur, teljast til atorkupjóðar sem á sér fegra föðurland en nokkur önnur.“

Þessi orð minna okkur á að líf skjör okkar hér á landi eru ekki sjálfgefin, heldur ávöxtur mikillar vinnu. Smæð okkar þýðir að við verðum að afkasta meiru en aðrar þjóðir til að vera fremst meðal þeirra. Það er verðmiðinn á sjálfstæðinu og skilyrðið fyrir farsælu lýðveldi.

Ólafur Thors skoraði þarna á okkur að afkasta meiru en aðrir. Fyrri kynslóðir hafa staðið undir þessari áskorun. Nú er komið að okkur, og þegar ég horfi hér yfir salinn, á þá ungu sjálfstæðismenn sem eru hér samankomnir þá get ég ekki annað en fyllst bjartsýni, því ég veit það að hér inni eru þeir einstaklingar sem munu leggja allt í sölurnar til að gera Íslanda frjálsara og öflugara en nokkru sinni fyrr. Ef við bognum ekki í baráttunni fyrir íslenskri þjóð og frelsinu þá get ég lofað ykkur því að bestu dagar Íslands eru fram undan.

Við verðum að standa undir þessari skyldu; við verðum að leggja meira á okkur en aðrir – og að launum fáum við að heita Íslendingar.

Ég stend ekki einn þessu, enda gerir engin neigtt einn síns liðs. Mér við hlið þjóða Tinna Eyvindar og Anton Berg sig fram til forystu sem fyrsti og annar varaformaður – betri liðsfélaga gæti ég ekki óskað mér. Með okkur býður fram krafta sína stór hópur ungra sjálfstæðismanna til stjórnar. Saman myndum við breiðfylkingu nýrra hugmynda, reynslu og orku sem mun lyfta SUS í nýjar hæðir.

Ég bið ykkur að veita okkur traust til að taka við keflinu. Við munum hefjast handa strax. SUS verður leiðandi í starfi Sjálfstæðisflokksins, framvarðarsveit sjálfstæðisstefnunnar. Með ykkar stuðningi boðum við sjálfstæði fyrir nýja tíma.

Takk fyrir.